

## Fundargerð

### Aðalfundur Félags prófessora við ríkisháskóla haldinn þriðjudaginn 17. maí 2022

Rúnar Vilhjálmsson, formaður Félags prófessora við ríkisháskóla (FPR), setti fundinn kl. 15.00. Formaður lagði til að Þórólfur Matthíasson yrði kosinn fundarstjóri og var það samþykkt.

Fundarstjóri þakkaði traustið og því næst var gengið til hefðbundinnar dagskrár aðalfundar. Dagskrá aðalfundar er samkvæmt 4. grein laga félagsins eftirfarandi:

1. Lögð fram ársskýrsla stjórnar.
2. Lagðir fram endurskoðaðir ársreikningar.
3. Tillögur um lagabreytingar, ef fram koma.
4. Ákveðið félagsgjald og samningaréttargjald, sbr. 6. og 10. gr.
5. Stjórnarkjör, sbr. 8. gr.
6. Kosið í samninganefnd, sbr. 10. gr.
7. Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga.
8. Önnur mál.

#### 1. Skýrsla stjórnar

Fundarstjóri gaf nú Rúnari Vilhjálmssyni formanni orðið. Formaður byrjaði á tölulegum upplýsingum um fjölda virkra félagsmanna sem starfa við ríkisháskólana fjóra en 36,5% þeirra eru konur. Meðalaldur félagsmanna er 58 ár. Formaður fór því næst yfir helstu verkefni og störf stjórnar á starfsárinu 2021-2022. Á starfsárinu voru haldi margir fundir, stjórnarfundir, fundir með rektor og samráðsnefnd háskólaráðs um kjaramál. Einnig voru haldnir margir fjarfundir með rektorum og félagsmönnum minni ríkisháskólanna svo ganga mætti frá tilfærslu starfsþátta þar, auk ýmissa annara funda. Þess má geta að í framhaldi einum af stjórnarfundum ársins sendi stjórnin frá sér samhljóða ályktun þar sem lýst er áhyggjum af stöðu rannsókna á Landspítala og gerð krafa um bættu umgjörð og stuðning við rannsóknastarf spítalans

Boðað var til félagsfundar í mars sl. Á dagskrá var umræða um kröfugerð FPR vegna komandi kjarasamninga, endurskoðun matskerfisins og drög að breytingum á lögum félagsins voru kynnt. Þá var einnig á dagskrá framtíðarskipan starfsaðstöðu – opin vinnurými. Stjórn félagsins hefur í samskiptum við yfirstjórn HÍ lýst yfir andstöðu við að fastráðnum kennurum verði boðin aðstaða í opnum eða hálfopnum rýmum. Að loknum umræðum um málið samþykkti félagsfundurinn samhljóða ályktun þar sem áformum um opin rými akademískra starfsmanna var eindregið mótmælt.

Kjarasamningur félagsins gildir til 31. mars 2023. Samkvæmt launatöflum sammingsins komu fjórar launahækkningar til framkvæmda á tímabilinu. Frá og með 1. september 2020 fjölgaði launaflokkum prófessora úr sjö í 11. Þá var sérstaða prófessora viðurkennt í raun með tilfærslu frá kennslu til annarra starfsskyldna. Félagið gerði á dögnum könnun meðal félagsmanna um áhersluatriði í komandi kjarasamningum. Þau áhersluatriði sem oftast voru nefnd voru; hækkun grunnlauna (78%) bættur fjárhagslegur stuðningur háskóla við rannsóknir (43%) og frekari tilfærsla frá kennsluskyldu til annarra starfsskyldna (39%). Í viðauka við stofnanasamning HÍ í síðustu kjarasamningum var samið um lækkun á árlegri kennsluskyldu með tilfærslu starfsþátta. Kennsluskylda við HÍ lækkaði 1. janúar 2021 um 30-160 stundir frá P2 til P7. Í apríl í fyrra náði félagið samkomulagi við Háskólann á Akureyri um lækkun kennsluskyldu prófessora, sem er hliðstætt samkomulagi við HÍ og tók gildi 1. ágúst 2021. Undir lok síðasta árs náðist síðan samkomulag við Háskólann á Hólum og Landbúnaðarháskóla Íslands. Þar tekur tilfærslan gildi 1. ágúst nk.

Á síðasta ári fór fram heildarendurskoðun á matskerfinu. Þórólfur Matthíasson prófessor var skipaður fulltrúi kjarafélaganna. Við endurskoðunina var leitast við að taka mið af fjölbreyttu framlagi til þekkingarsköpunar og þekkingarmiðlunar og mismunandi birtingahefða. Þá var bilum fækkað og þau þrengd innan matsliða kerfisins, forsendur matsliða skýrðar og lögð áhersla á nýja matsþætti sem flestir varða kennslu, stjórnun og þjónustu. Í ýmsum atriðum tók endurskoðun kerfisins mið af áður fram komnum athugasemdum félagsins. Hins vegar hefur stjórnin gert athugasemdir við notkun háskólanna á matskerfinu, m.a. í framgangskerfi skólanna og við úthlutun fjár innan þeirra.

Í skýrslu stjórnar er einnig getið um afsögn síðanefndar Háskóla Íslands, ástæðu hennar og umfjöllun stjórnar FPR um afsögnina sem lýsti í framhaldinu áhyggjum af sjálfstæði síðanefnda og taldi þörf á endurskoðun á regluverki síðanefndar með sjálfstæði nefndarinnar í huga.

Stjórn félagsins hefur lengi kallað eftir að vinnustundir í deildum og sviðum Háskólans verði samræmdar. Reiknilíkan og deililíkan valda því að kennsla er metin mishátt eftir því á hvaða sviði hún fer fram. Í janúar 2021 skipaði rektor starfshóp um *greiðslufyrirkomulag kennslu með tilliti til útreiknings að baki námskeiðum við HÍ*. Stefnt var að því að einfalda kerfið frá því sem nú er. Starfshópurinn hefur skilað áfangaskýrslu, en vegna umfangs verkefnisins er þessari vinnu ólokið.

Á starfsárinu hafa lög félagsins verið í endurskoðun með það að markmiði að skýra hlutverk félagsins af meiri nákvæmni. Helstu breytingar sem lagðar eru til eru meðal annars þær að í stað fimm stjórnarmanna og þriggja til vara er lagt til að stjórnin verði skipuð átta mönnum, formanni, varaformann, gjaldkera og fimm meðstjórnendum. Þá er einnig lagt til á aðalfundi verði kostin þriggja manna kjörnefnd til þriggja ára.

Að lokum fór formaður yfir stöðu Starfþróunarsjóðs prófessora, sagði frá norrænu samstarfi sem hefur verið frestað í tvö ár vegna COVID-19 faraldursins, málefnum emeríta og sagði frá

samstarfi félagsins við BHM og nýrri stefnu bandalagsins sem samþykkt var í febrúar s.l. Formaður situr formannaráðsfundi bandalagsins.

Fundarstjóri opnaði fyrir umræðu um skýrslu stjórnar en engar fyrirspurnir eða umræða urðu um skýrslu stjórnar. Skýrsla stjórnar var samþykkt.

## **2. Ársreikningur**

Hólmfríður Garðarsdóttir, gjaldkeri félagsins lagði fram og kynnti ársreikninga félagsins. Í máli hennar kom fram að á árinu var afgangur af rekstri félagsins 10.191 þús. kr. samanborið við 7.960 þús. kr. árið 2019. Helstu breytingar eru að rekstrartekjur hækka um 10%. Rekstrargjöld hækka um 2%. Þetta er til komið vegna launa og launatengdra gjalda sem hækka um 9%, skrifstofukostnaður hækkar um 29% en aðildargjald til BHM lækkar. Gjaldkeri kynnti einnig ársreikning Starfsþróunarsjóðs prófessora. Afgangur sjóðsins nam 35.921 þús. kr., samanborið við 27.084 þús. kr. árið 2020. Helstu breytingar eru þær að á árinu hækkuðu tekjur sjóðsins samanborið við fyrra ár um 17% milli ára. Styrkveitingar lækkkuðu umtalsvert á árinu vegna COVID-19.

Fundarstjóri opnaði nú fyrir umræðu um ársreikninga. Engar athugasemdir eða spurningar komu fram. Þá bar fundarstjóri ársreikninga upp til samþykktar og voru þeir samþykktir samhljóða.

## **3. Tillögur um lagabreytingar**

Þórólfur Matthíasson kynnti lagabreytingatillögurnar og í ljósi þess að gerðar eru tillögur um breytingar á samtals tíu greinum laganna lagði hann til að hver grein yrði rædd áður en hún yrði borin undir atkvæði. Farið var yfir hverja grein og fundarmönnum boðið að koma með fyrirspurnir eða athugasemdir. Fyrirspurn kom varðandi 8. grein um af hverju það væri verið að leggja til að kosin yrði kjörnefnd. Þórólfur svaraði því til að það yrði á ábyrgð kjörnefndar að tryggja framboð til stjórnar. Í umræðu um kjörnefnd (tilnefningarnefnd) kom einnig fram mikilvægi mats á kjörnefndarfulltrúum sem þurfi að tryggja að í stjórn félagsins séu ávallt stjórnarmenn af sem ólíkustum fræðasviðum og aldrei færri en einn úr öðrum ríkisháskólum en Háskóla Íslands. Allar lagabreytingatillögurnar voru samþykktar samhljóða en ábending kom úr sal um að skipa þyrfti þriggja manna ad hoc kjörnefnd fyrir næsta aðalfund.

## **4. Ákveðið félagsgjald**

Stjórn félagsins lagði til að félagsgjaldið yrði óbreytt, þ.e. 0,8% af dagvinnulaunum félagsmanna. Fundarstjóri bar upp tillögu stjórnar um óbreytt félagsgjald og var hún samþykkt samhljóða.

## **5. Stjórnarkjör**

Tveir voru í framboði til formanns Félags prófessora við ríkisháskóla, þeir Rúnar Vilhjálmsson og Pétur Henry Petersen. Kosið var á milli þeirra og hlaut Pétur Henry 14 atkvæði en Rúnar 13 og er því Pétur Henry réttkjörinn formaður félagsins. Þá var gengið til kjörs sjö stjórnarmanna. Pétur Henry sem einnig bauð sig fram til formanns dró framboð sitt

til meðstjórnanda til baka. Í kjöri meðstjórnenda voru því aðeins sex, þau Engilbert Sigurðsson HÍ, Grétar Þór Eypórsson HA, Guðný Björk Eydal HÍ, Hólmfríður Garðarsdóttir HÍ, Ingibjörg Svala Jónsdóttir HÍ, Ólafur Páll Jónsson HÍ. Einn fulltrúa vantaði í stjórn en Þóroddur Bjarnason HA bauð sig fram og voru þau sjálfkjörin í stjórn.

## **6. Kosið í samninganefnd**

Stjórn skipar í samninganefnd.

## **7. Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga**

Þeir Brynjólfur Sigurðsson og Jónatan Þórmundsson sem hafa verið skoðunarmenn reikninga um árabíl buðu sig áfram fram og var það samþykkt samhljóða.

## **8. Önnur mál**

Engin önnur mál voru á dagskrá en fundarstjóri gaf hins vegar orðið laust. Rúnari Vilhjálmsyni, Þórólfi Matthíassyni, Magnúsi Gottfredssyni og Oddnýju Guðrúnu Sverrisdóttur, sem öll hafa setið í stjórn félagsins um árabíl, víkja nú úr stjórn og voru þeim þökkuð ómetanleg og óeigingjörn störf í þágu félagsins.

Reykjavík, 17. maí 2022

Rúnar Vilhjálmsson, fráfarandi formaður Félags prófessora við ríkisháskóla

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 17.00

Kristín Færseth ritaði fundargerð.